



Borgarráð

Reykjavík, 14. apríl 2026  
MSS25070013

### **Tillögur stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna**

Lagðar eru fram til meðferðar í borgarráði tillögur stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

1. Tillögur stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna
2. Innkaupastefna
3. Aðgerðaáætlun
4. Innkaupareglur Reykjavíkurborgar



**Reykjavík**



**Viðtakandi: Borgarstjóri**

**Sendandi: Stýrihópur um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna**

Reykjavík, 13. apríl 2026

Málsnúmer: MSS25070013

### **Tillögur stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna**

Stýrihópurinn var skipaður með erindisbréfi 10. júlí 2025 og er ábyrgðaraðili hans borgarstjórinn í Reykjavík. Erindisbréfið byggði á samþykkt frá 4. mars 2025 sem kvað á um að fela innkaupa- og framkvæmdaráði að koma með tillögur að endurskoðaðri innkaupastefnu og innkaupareglum fyrir Reykjavíkurborg.

Markmið með vinnu stýrihópsins er að ljúka við endurskoðun innkaupastefnu sem hefur verið unnið að síðustu misseri. Í því felst m.a. að auka þarf eftirlit með innkaupum og innkaupaheimildum, tryggja ráðdeild í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar og fylgja Græna planinu sem er yfirstefna borgarinnar. Innkaup Reykjavíkurborgar eru yfirgripsmikil og gefa haft mikil áhrif á samfélagið, mannréttindi og loftslagsbreytingar um leið og mikilvægt er að sýna ráðdeild í rekstri.

Helstu verkefni stýrihópsins eru:

- Endurskoðun innkaupastefnu Reykjavíkurborgar.
- Gerð mælikvarða og innleiðingaráætlunar
- Endurskoðun innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

#### **Innkaupastefna:**

Endurskoðuð innkaupstefna Reykjavíkurborgar byggir á fjórum innkaupagildum: Ábyrgð, hagkvæmni, gagnsæi og nýsköpun í innkaupum. Tilgangur hennar er að vera hvati til og stuðla að heilbrigðri samkeppni á markaði, verðlauna góða viðskiptahætti og skapa aðstæður fyrir aukna grósku í framboði á vörum og þjónustu sem tryggja sameiginlega hagsmuni almennings nú og til framtíðar. Reykjavíkurborg er einn stærsti opinberi innkaupaaðilinn á íslenskum markaði og er nýrri innkaupastefnu ætlað að skapa ramma um það ábyrgðarhlutverk sem því fylgir.



Innkaupagildi Reykjavíkur eru samkvæmt nýrri stefnu eftirfarandi:

**Ábyrg innkaup.** Reykjavíkurborg leggur áherslu á að innkaup stuðli að umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni. Sjálfbær og ábyrg innkaup fela í sér að kaupendur taki í innkaupaferlinu ákvarðanir sem dragi úr neikvæðum umhverfisáhrifum, virði mannréttindi og tryggi launakjör, öryggi og réttindi starfsfólks samkvæmt lögum og kjarasamningum í allri virðiskeðjunni.

**Hagkvæm innkaup.** Reykjavíkurborg tryggir að innkaup séu skipulögð á heildstæðan og samræmdan hátt milli sviða, þannig að fjármunir Reykjavíkurborgar nýtist sem best í þágu íbúa sveitarfélagsins. Með því er stuðlað að stærðarhagkvæmni, einföldun ferla og samnýtingu lausna innan Reykjavíkurborgar. Innkaupaáætlanir skulu samræmdar á milli kaupenda til að tryggja stærðarhagkvæmni borgarinnar. Með hagkvæmni er átt við að valin sé heildarlausn sem felur í sér mestan ávinning þegar tekið er mið af gæðum, endingartíma og heildarkostnaði en ekki eingöngu út frá lágsta verði.

**Gagnsæ innkaup.** Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að öll innkaup séu gagnsæ og í samræmi við lög um opinber innkaup, reglugerðir settar á grundvelli laganna og innkaupareglur Reykjavíkurborgar, þ.m.t. að jafnræði bjóðenda sé gætt. Gagnsæ innkaup fela í sér að upplýsingagjöf sé skýr, tímanleg og regluleg. Ákvarðanir eru rekjanlegar, málefnalegar og byggðar á hlutlægum forsendum. Skjalfesting og birting upplýsinga er tryggð á öllum stigum innkaupa.

**Nýskapandi innkaup.** Reykjavíkurborg nýtir innkaup til að stuðla að nýsköpun og þróun lausna sem bæta þjónustu og auka skilvirkni í starfsemi og rekstri borgarinnar. Nýskapandi innkaup fela í sér að skapa svigrúm fyrir nýjar hugmyndir og hvetja til samstarfs við markaðinn, stofnanir og rannsóknaraðila. Reykjavíkurborg leitast við að upplýsa markaðinn um þær þarfir sem borgin hefur með virku samtali og er vakandi fyrir nýjum lausnum og hugmyndum.

Uppsetningu stefnunnar var þannig hagað að skýrt væri hvernig innkaupagildin kæmu til framkvæmda á hverju stigi innkaupanna. Innkaupaferli fer fram í **fjórum** skrefum:

**Undirbúningur innkaupa** - Þá fer fram þarfagreining og markaðskönnun, skilyrði sett fram og verklýsingar kláraðar. Hér fer fram samráð við hagaðila, bjóðendur og nýsköpunaraðila, og ákvörðun um hvaða stefna skuli tekin við innkaupin og hvað beri að varast eða sækjast sérstaklega eftir. Á þessu stigi þarf að fá staðfest fjármagn fyrir innkaupunum.

**Innkaupaferlið** - Í tilfelli útboða er það sá hluti ferlisins þegar útboðsgögn er útbúin og boðið út í samræmi við lög. Í tilfelli smærri innkaupa er það hreinlega þegar val á vöru í verslun fer fram eða kaup innan miðlægra samninga.



**Samningstími** - Sá tími þegar virkur samningur er í gildi, eða á meðan tiltekin vara er í notkun í tilfalli einfaldari vörukaupa. Á þessum tíma er virk samningsstjórnun mikilvægasta verkfærið og símat fer fram af hálfu notenda samningsins eða vörunnar.

**Uppgjör samnings** - Þegar innkaupaferlið allt er gert upp við lok samnings eða þegar vara hefur fengið reynslu í notkun, og árangur, gæði og ávinningur þess metinn.

### **Aðgerðaáætlun:**

Lögð er fram aðgerðaáætlun fyrir árið 2026 og er byggð á endurskoðaðri innkaupastefnu. Lagt er til að aðgerðaáætlunin sé metin í árslok 2026 og lögð fram ný og uppfærð aðgerðaáætlun í ársbyrjun 2027. Markmið aðgerðaáætlana á tímabili stefnunnar er að styðja við stefnuna og markmið hennar náist árið 2030. Markmið og mælikvarðar eru sóttir í viðeigandi gildandi stefnur borgarinnar og samninga sem hún er aðili að, til að mynda úr loftslagsstefnu og alþjóðlegum samningi um kolefnislosun, þeir kostnaðarmetnir á innleiðingarárinu og færðir inn í aðgerðaáætlun næsta árs.

Aðgerðaáætlunin fyrir árið 2026 skiptist í 4-6 markmið undir hverju innkaupagildi.

### **Innkaupareglur:**

Nýjar innkaupareglur voru samþykktar 9. maí 2024 sem þörf var á. Nú hefur komið reynsla á þessar reglur og þykir rétt að uppfæra örfá atriði í samræmi við verklag og lög. Einnig er skert á eftirlitshlutverki innkaupa- og framkvæmdaráðs.

### **Greinargerð:**

Stýrihópur um um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna var skipaður í júlí 2025. Eiginleg vinna hófst með yfirferð starfsfólks skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar á innkaupareglum og gera tillögur að nauðsynlegum breytingum fyrir fyrsta eiginlega fund stýrihópsins. Fyrsti fundurinn var haldinn um haustið 2025. Í kjölfarið voru skoðaðar innkaupstefnur t.d. ríkisins og Kaupmannahafnarborgar. Ákveðið var að víkja frá fyrra starfi við endurskoðun stefnunnar frá 2011 og ráðast í allsherjar enduruppsetningu á nýrri innkaupastefnu. Var það starf unnið bæði af starfsmanni með aðstoð skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar sem og af kjörnum fulltrúum stýrihópsins. Lauk hópurinn við að setja upp uppfærða innkaupastefnu í lok október.

Fenginn var frestur á skilum til þess að leggja innkaupastefnuna fram til umsagnar helstu hagaðila í nóvembermánuði. Stefnan var send samtímis til ytri og innri umsagnar. Var óskað eftir umsögnum hjá Fjársýslu ríkisins, Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum,



Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, sviðum borgarinnar og b-hluta fyrirtækjum borgarinnar.

Umsagnir bárust frá Fjársýslu ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Mannauðs- og starfsumhverfissviði, Umhverfis- og skipulagssviði, Þjónustu- og nýsköpunarsviði og Skóla- og frístundasviði.

Innkaupastefna Kaupmannahafnarborgar 2023-2026 og stefna Fjársýslunnar frá 2021 voru hafðar til hliðsjónar við vinnuna og fengum við báða aðila til fundar við okkur ásamt fulltrúa frá borgarlögmanni. Annars vegar hópi fulltrúa frá Kaupmannahafnarborg og hins vegar framkvæmdastjóra framkvæmdasýslu ríkisins.

Stýrihópurinn vann svo í desember þær smávægilegu breytingar sem rétt þótti að ráðast í eftir samráðsferlið.

Eftir samtal við borgarstjóra og borgarritara í desember var ákveðið að stefnunni yrði skilað með kostnaðarmetinni aðgerðaáætlun fyrir innleiðingarárið 2026 og unnu starfsmaður hópsins og formaður að henni.

Kostnaður aðgerða á innleiðingarárinu var í flestum tilfellum metinn sem innri kostnaður vinnuframlags á skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar. Einnig í samvinnu með lögfræðingum og fjármálastjórum annarra sviða. Þar er um að ræða samráð um uppfærslu ferla og sniðmáta, vinnslu á fræðsluefni, kynningu á stefnunni og svo framvegis. Þá verður leitast við að koma upp virkum samskiptaleiðum milli þeirra aðila sem þurfa að vinna saman að því til framtíðar að innkaup verði framkvæmd á sem bestan hátt, allur undirbúningur og eftirfylgni þar með talið.

Innkaupastefna Reykjavíkurborgar á við um öll innkaup borgarinnar, hvort sem þau eru útboðsskyld eður ei. Einfaldari innkaup virkja ekki alla þætti ferlisins sem hún tekur til en flóknari innkaup og framkvæmdir þurfa að stika sig í gegnum þá alla.

Kaupendur í skipuriti borgarinnar eru ótalmargir og innkaup af öllum stærðargráðum gerð á starfsstöðum borgarinnar, allt frá kaupum á tilfallandi stökum hlutum fyrir smærri vinnustaði, til rammasamninga um regluleg sameiginleg innkaup á öðrum aðföngum eða þjónustu svo sem viðhaldsverkefnum iðnaðarmanna, allt til byggingu nýs grunnskóla, sundlaugar eða stærri gatnaframkvæmda.

Stýrihópurinn ræddi hvernig best væri að koma á framfæri kynningu á stefnunni til sviðanna svo hún nái til allra þeirra sem þurfa að framkvæma öll þessi ótrúlega mismunandi innkaup, og fræði frekar en flæki það fyrir þeim aragrúa starfsfólks sem þar um ræðir. Mun innleiðingarárið 2026 nýtast til þess að útbúa og koma fræðslu til



kaupenda hjá borginni, og til þess að yfirfara og uppfæra ferla og sniðmát svo þau lúti markmiðum stefnunnar.

Tillaga stýrihópsins að endurskoðaðri innkaupastefnu Reykjavíkur 2026-2030 hefur verið tekin til fyrri umræðu í borgarstjórn þann 17. mars 2026.

Lagt er til að tillögur stýrihópsins að endurskoðaðri innkaupastefnu, aðgerðaáætlun og innkaupareglur verði teknar til afgreiðslu borgarráðs og innkaupa- og framkvæmdaráðs þann 16. apríl og lokaafgreiðslu borgarstjórnar þann 21. apríl, með fyrirvara um mögulegar smávægilegar breytingar á breytingatillögum við innkaupareglurnar þar sem þær eru í lokayfirlestri hjá borgarlögmanni.

Fyrir hönd stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna,

*Andrea Helgadóttir*  
formaður stýrihópsins

*Halla Björg Evans*  
lögfræðingur skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar, starfsmaður hópsins

Hjálagt:

Innkaupastefna Reykjavíkurborgar 2026-2030

Aðgerðaráætlun með Innkaupastefnu

Uppfærðar innkaupareglur Reykjavíkurborgar, með fyrirvara um smávægilegar breytingar þar sem reglurnar eru í lokayfirlestri hjá borgarlögmanni.



# Innkaupastefna Reykjavíkurborgar 2026–2030

---



Reykjavík

# Inngangur

Innkaupastefna Reykjavíkurborgar byggir á fjórum innkaupagildum: Ábyrgð, hagkvæmni, gagnsæi og nýsköpun. Tilgangur hennar er að vera hvati til og stuðla að heilbrigðri samkeppni á markaði, verðlauna góða viðskiptahætti og skapa aðstæður fyrir aukna grósku í framboði á vörum og þjónustu sem tryggja sameiginlega hagsmuni almennings nú og komandi kynslóða svo ganga megi að sömu gæðum og réttindum einnig í framtíðinni.

Reykjavíkurborg er einn stærsti opinberi innkaupaaðilinn á íslenskum markaði og er nýrri innkaupastefnu ætlað að skapa ramma um það ábyrgðarhlutverk sem því fylgir. Það hvílir afar rík skylda á hinu opinbera að stuðla að því að markaðir þróist með hagsmuni almennings í fyrirrúmi, sem seljanda vöru eða þjónustu, sem vinnuafli, sem neytanda og ekki síst gagnvart framtíðaríbúum landsins.

Stefnur Reykjavíkurborgar eru fjölmargar og eiga að standa vörð um réttindi, og góða stjórnarhætti og stjórnsýslu. Sem slíkar styðjast þær bæði við alþjóðlega samninga sem borgin er aðili að og við lög og reglur í landinu. Til þess að lög og reglur gildi í raun er þó alltaf nauðsynlegt að eftirlit fari fram, að afleiðingar verði af því þegar þeim er ekki fylgt og að allir viti hvernig það er metið og hvernig eftirlitið er framkvæmt. Þrátt fyrir stefnur borgarinnar séu margar og ítarlegar hefur því miður hingað til lítið verið fjallað um réttindi vinnuafli á almennum markaði, og er leitast eftir því í þesari stefnu að svara þeirri þörf.

Opinberir aðilar verða að vera vakandi fyrir því að brotastarfsemi viðgangist ekki í skjóli samninga þeirra og valdi því að samkeppni riðlist á skaðlegan hátt. Einnig var mikil þörf á að ítreka mikilvægi virkrar samningsstjórnunar til þess að hagkvæmni og önnur sjálfsgöð viðmið standist eftir að gengið er til samninga um innkaup eða framkvæmdir, og til þess að öll uppsagnar- og sektarákvæði samninga séu virk ekki aðeins í orði heldur líka á borði. Það hefur borgin sem innkaupaaðili mikinn hag af sem og almenningur landsins.

Við stígum nú skýr skref framávið í að taka ábyrgðarhlutverki okkar sem stór hluteigandi í þróun íslenska markaðarins, og stuðla að samkeppnishæfu og heilbrigðu atvinnulífi sem leggur grunn að velferð og hagsæld fólksins í landinu.

Markmið og mælikvarðar um árangur stefnunnar, sem fjallað er um í aðgerðaáætlun hennar munu fást úr þeim stefnum og samningum borgarinnar sem við á. Til að mynda verður markmið innkaupastefnu um sjálfbær innkaup hvað loftslagsmál varðar að fylgja settri áætlun loftslagsstefnu og loftslagssamningum sem Reykjavíkurborg er aðili að.

Með nýrri innkaupastefnu er fengið mikilvægt verkfæri til þess að styrkja og virkja enn betur stefnur Reykjavíkurborgar.

Andrea Helgadóttir,  
formaður innkaupa- og framkvæmdaráðs


Uppsetningu stefnunnar var hagað þannig að skýrt væri hvernig innkaupagildin komi til framkvæmda á hverju af fjórum stigum innkaupanna:

**UNDIRBÚNINGUR** innkaupa er það fyrsta, þá fer fram þarfagreining og markaðskönnun, skilyrði sett fram og verklýsingar kláraðar. Hér fer fram samráð við hagaðila, bjóðendur og nýsköpunaraðila, og ákvörðun um hvaða stefna skuli tekin við innkaupin og hvað beri að varast eða sækjast sérstaklega eftir.

**INNKAUPAFERLIÐ** sjálft er það næsta, í tilfelli útboða er það að útboð er samið og gert opinbert og tilboð eru opnuð og metin, eða í tilfelli smærri innkaupa er það hreinlega þegar val á vöru í verzlun fer fram eða kaup innan miðlægra samninga.

**SAMNINGSTÍMI** er sá hluti tímans þar sem virkur samningur er í gildi, eða á meðan tiltekin vara er í notkun í tilfelli einfaldari vörukaupa. Á þessum tíma er virk samningsstjórnun mikilvægasta verkfærið og símat fer fram af hálfu notenda samningsins.

**UPPGJÖR SAMNINGS.** Innkaupafærið allt er gert upp við lok samnings, eða þegar vara hefur fengið reynslu í notkun, og árangur, gæði og ávinningur þess metinn.



# Innkaupagildi Reykjavíkur

## Ábyrg innkaup

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að innkaup stuðli að umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni. Sjálfbær og ábyrg innkaup fela í sér að kaupendur taki í innkaupaferlinu ákvarðanir sem dragi úr neikvæðum umhverfisáhrifum, virði mannréttindi og tryggji launakjör, öryggi og réttindi starfsfólks samkvæmt lögum og kjarasamningum í allri virðiskeðjunni.

## Hagkvæm innkaup

Reykjavíkurborg tryggir að innkaup séu skipulögð á heildstæðan og samræmdan hátt milli sviða, þannig að fjármunir Reykjavíkurborgar nýtist sem best í þágu íbúa sveitarfélagsins. Með því er stuðlað að stærðarhagkvæmni, einföldun ferla og samnýtingu lausna innan Reykjavíkurborgar. Innkaupaáætlanir skulu samræmdar á milli kaupenda til að tryggja stærðarhagkvæmni borgarinnar. Með hagkvæmni er átt við að valin sé heildarlausn sem felur í sér mestan ávinning þegar tekið er mið af gæðum, endingartíma og heildarkostnaði en ekki eingöngu út frá lágsta verði.

## Gagnsæ innkaup

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að öll innkaup séu gagnsæ og í samræmi við lög um opinber innkaup, reglugerðir settar á grundvelli laganna og innkaupareglur Reykjavíkurborgar, þ.m.t. að jafnræði bjóðenda sé gætt. Gagnsæ innkaup fela í sér að upplýsingagjöf sé skýr, tímanleg og regluleg. Ákvarðanir eru rekjanlegar, málefnalegar og byggðar á hlutlægum forsendum. Skjölun og birting upplýsinga er tryggð á öllum stigum innkaupa.

## Nýskapandi innkaup

Reykjavíkurborg nýtir innkaup til að stuðla að nýsköpun og þróun lausna sem bæta þjónustu og auka skilvirkni í starfsemi og rekstri borgarinnar. Nýskapandi innkaup fela í sér að skapa svigrúm fyrir nýjar hugmyndir og hvetja til samstarfs við markaðinn, stofnanir og rannsóknaraðila. Reykjavíkurborg leitast við að upplýsa markaðinn um þær þarfir sem borgin hefur með virku samtali og er vakandi fyrir nýjum lausnum og hugmyndum.

# Undirbúningur

## Ábyrgð

- Samráð er haft við hagaðila, s.s. þátttakendur í markaðskönnun, kaupendur og ráðgjafa um m.a. vinnumarkaðsmál, til að tryggja félagslega ábyrgð og sanngirni.
- Áhersla er lögð á að velja lausnir sem draga úr kolefnisspori, stuðla að betri orkunýtingu og efla hringrásarhagkerfið.
- Sjálfbærniþættir eru greindir með tilliti til umhverfis-, samfélags- og efnahagsáhrifa og settir fram sem hluti af innkaupaþörfum.

## Hagkvæmni

- Viðkomandi kaupandi greinir þörf Reykjavíkurborgar fyrir innkaup með markvissum hætti.
- Að því búnu er könnuð tilvist miðlægra samninga og hvort skylt sé eða heimilt að nýta sér þá. Miðlægir samningar eru nýttir til að stuðla að betri kjörum, aukinni skilvirkni og lækkun kostnaðar.

## Gagnsæi

- Fyrirhuguð innkaup eru kynnt á opinn og aðgengilegan hátt til að tryggja jafnræði milli bjóðenda.
- Tryggja skal að allar kröfur séu málefnalegar, hlutlægar og í samræmi við lög og reglur.
- Upplýsingar um innkaupaáætlanir eru gerðar aðgengilegar viðeigandi starfsfólki og ráðum Reykjavíkurborgar.
- Fyrirtæki fá skýra mynd af markmiðum Reykjavíkurborgar í innkaupum.

## Nýsköpun

- Þarfir og áskoranir eru skilgreindar með hliðsjón af möguleikum nýsköpunar og þróunar án þess að fyrirfram sé ákveðið hvernig áskoranir skulu leystar.
- Virkt samtal er haft við markaðinn, stofnanir, rannsóknaraðila og fagsvið borgarinnar til að kortleggja lausnir og áskoranir markvisst.

# Innkaupaferli

## Ábyrgð

- Kröfur eru gerðar í útboðsgögnum um sjálfbærni og ábyrgð í virðiskeðju, þar með talið virðingu fyrir mannréttindum, vinnuaðstæðum, öryggis- og vinnuverndarstarfi, launakjörum og starfstengdum réttindum starfsfólks, sem bjóðendur skuldbinda sig til að framfylgja.
- Umhverfis-, félags- og efnahagsleg viðmið eru hluti af kröfum og/eða valforsendum innkaupa.
- Kaupandi tekur mið af áherslum í sjálfbærni og líftímakostnaði við gerð kröfulýsingar og valforsendna.

## Hagkvæmni

- Notast er við samræmt verklag, sniðmát og skilgreindar valforsendur í öllum innkaupum Reykjavíkurborgar .
- Val á innkaupaferli tekur mið af þörfum kaupanda, eðli, umfangi og áhættumati verkefnisins.
- Kaupandi metur hagkvæmustu valforsendur í samræmi við þarfir, efni, umfang og áhættu verkefnisins.

## Gagnsæi

- Allir bjóðendur njóta jafnræðis og fá sömu upplýsingar á sama tíma.
- Mat á tilboðum er gagnsætt, rekjanlegt og byggt á fyrirfram skilgreindum valforsendum.
- Skilgreining á þörfum og valforsendum er skýr, rökstudd og skjalfest.
- Ágreiningsefni og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar á skýran, faglegan og málefnalegan hátt.
- Upplýsingar um framvindu og niðurstöður eru veittar á hlutlægan og skiljanlegan máta.

## Nýsköpun

- Bjóðendur eru hvattir til að leggja fram lausnir sem byggja á nýsköpun og framtíðarhugsun.
- Útboðsgögn eru mótuð þannig að þau gefi svigrúm fyrir nýjar hugmyndir og tæknilausnir.

# Samningstími

## Ábyrgð

- Kröfur um sjálfbærni og ábyrgð, þar með talið á vinnuaðstæðum, öryggis- og vinnuverndarstarfi, launakjörum og starfstengdum réttindum starfsfólks, eru innleiddar og þeim fylgt eftir með reglulegu eftirliti.
- Skuldbindingar samningsaðila eru tryggðar með virkri samningsstjórnun. Kaupandi rýnir reglulega framgang samningsins og hvort skilmálar um sjálfbærni og ábyrgð standist.
- Stuðlað er að samstarfi við fyrirtæki til að þróa áfram vistvænar og félagslega ábyrgar lausnir og vörur.
- Árangur er mældur reglulega, m.a. hvað varðar losun, orkunotkun, úrgangsstjórnun og félagsleg áhrif til að meta hvort markmið um sjálfbærni og samfélagsábyrgð hafi náðst.
- Upplýsingum um árangur og áhrif samnings, til að uppfylla sjálfbærni markmið, er reglulega miðlað til þess starfsfólks Reykjavíkurborgar sem nýta samninginn.

## Hagkvæmni

- Kaupandi ber ábyrgð á rekstri samningsins og sinnir virkri samningsstjórnun yfir honum. Kaupandi rýnir reglulega framgang samningsins og hvort markmiðum um hagkvæmni hafi verið náð.
- Samningum er stýrt á samræmdan hátt með reglulegu eftirliti, árangursmælingum og eftirfylgni.
- Niðurstöður og reynsla af innkaupaferlum eru skjöluð og gerð aðgengileg til að styrkja framtíðar innkaupaferla.
- Upplýsingum um kjör og þjónustu er miðlað til þeirra starfsfólks Reykjavíkurborgar sem nýta samninginn.

## Gagnsæi

- Kaupandi ber ábyrgð á skjölun allra ákvarðana, samskipta og gagna sem varða innkaup í samræmi við lög og reglur Reykjavíkurborgar, þannig að tryggður sé rekjanleiki, gagnsæi og ábyrgð í öllum stigum ferlisins.
- Framkvæmd og eftirfylgni samninga er skjöluð og byggð á fyrirfram skilgreindum mælikvörðum og miðlað til viðeigandi aðila.
- Breytingar á samningum eru skjalaðar og hlutaðeigandi aðilar upplýstir.
- Upplýsingar um frammistöðu seljanda á samningstíma ber að skjala.
- Upplýsingum um samninga, kjör og þjónustu er miðlað til viðeigandi starfsfólks og ráða Reykjavíkurborgar.
- Allir aðilar samnings hafa jafnan aðgang að upplýsingum um framkvæmd hans.
- Fyrirtæki hafa aðgang að sanngjörnu og skýru ferli við meðferð ágreiningsmála.

## Nýsköpun

- Reglulegt samtal er við seljendur til að meta árangur, nýsköpun og þróun lausna.
- Reglulegar árangursmælingar eru gerðar til að safna gögnum um ávinning nýsköpunar og hann metinn með hliðsjón af því hvort innleiðing nýrra lausna hafi bætt þjónustu eða skilvirkni.

# Uppgjör samnings

## Ábyrgð

- Niðurstöður um umhverfisleg, félagsleg og efnahagsleg áhrif innkaupanna eru dregnar saman og nýttar til að styrkja kröfur og valforsendur um sjálfbærni í framtíðarkaupum. Lærdómur er skjalaður og miðlaður innan og utan Reykjavíkurborgar.

## Hagkvæmni

- Niðurstöður um áhrif hagkvæmni á innkaup Reykjavíkurborgar eru dregnar saman og nýttar til að styrkja kröfur og valforsendur um hagkvæmni í framtíðarkaupum. Lærdómur er skjalaður og miðlaður innan og utan Reykjavíkurborgar
- Greiningarhæfni er bætt. Gögn Reykjavíkurborgar eru nýtt til markvissra greininga, úrbóta og eftirfylgni með árangri samninga.

## Gagnsæi

- Niðurstöður um áhrif gagnsæis í innkaupum Reykjavíkurborgar eru dregnar saman og nýttar til að styrkja gagnsæiskröfur og valforsendur í framtíðarkaupum. Lærdómur er skjalaður og miðlaður innan og utan Reykjavíkurborgar.
- Yfirsýn stjórnenda og innkaupaaðila Reykjavíkurborgar er efld með markvissri upplýsingagjöf og fræðslu.

## Nýsköpun

- Niðurstöður um áhrif nýsköpunar á innkaup Reykjavíkurborgar eru dregnar saman og nýttar til að styrkja kröfur og valforsendur um nýsköpun í framtíðarkaupum. Lærdómur er skjalaður og miðlaður innan og utan Reykjavíkurborgar.



**Ábyrgðaraðili:** Fjármála- og áhættustýringasvið (FAS) samhæfir alla innleiðingu og tryggir, ásamt innkaupa- og framkvæmdaráði, eftirfylgni við markmið og aðgerðir í samráði við önnur svið Reykjavíkurborgar.

**Eftirfylgni og mat:** Árlegt stöðumat og heildarskýrsla við lok stefnutímabils 2030 þar sem metin verða áhrif aðgerða og mælikvarða.

**Samráð:** Notendur, sviðin og starfsfólk kallað reglulega til samráðs með sérstakri áherslu á ábyrg (sjálfbær) innkaup.

**Endurskoðun:** Gildistími er 2026–2030, en stefna verður rýnd og uppfærð eftir þörfum og við endurskoðun í upphafi árs 2027.



Megin-markmið	Markmið nr.	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgðaraðili	Kostnaðarmat		Mælikvarði
Ábyrg innkaup	Undirbúningur - punktur 1	Útbúa fræðslu fyrir kaupendur um hvað sé leyfilegt samráð á undirbúningstíma og um tilgang þess.	Q2 2026	SFR	4.000.000	Innri kostnaður	Fræðslan útbúin, kennd og ≥90% kaupenda hjá Reykjavíkurborg hefur notið fræðslunnar.
	Undirbúningur - punktur 1	Formfesta samráðshóp stéttarfélaganna með starfsfólki borgarinnar sem fjallar um samband borgarinnar við vinnuaflið á almennum markaði, í anda Samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls sem hefur verið starfandi '25-'26, og taki við af honum.	Q2 2026	SFR og útboðsteymi USK	-	Innri kostnaður	Regluleg samskipti og/eða fastir fundir komið á laggirnar
Ábyrg innkaup	Innkaupaferli - punktur 1	Útbúa kröfuflista til að setja í útboðsgögn er varðar sjálfbærni og ábyrgð í virðisikeðjunni, með áherslu á mannréttindi, vinnuáðstæður, öryggis- og vinnuverndarstarfi, launakjörum og starfstengdum réttindum starfsfólks, og umhverfissjónarmið, sem bjóðendur skuldbinda sig til að framfylgja.	Q3 2026	SFR og lögfræðiteymi MOS	2.000.000	Innri kostnaður	Kröfur til staðar í ≥95% útboða þar sem við á
	Innkaupaferli - punktur 1	Bæta við kröfu um að trúnaðarmenn séu á vinnustaðnum, skv reglum um trúnaðarmenn, í sniðmátum útboðsgagna í tilfelli ræstingaútboða.	Q2 2026	SFR	-	Innri kostnaður	Mælanlegt markmið: fengin staða trúnaðarmanna hjá viðkomandi stéttarfélagi í lok tímabilsins
Ábyrg innkaup	Samningstími - punktur 2	Útbúa skal verklag um virka samningsstjórnun með áherslu á skuldbindingar samningsaðila um ábyrg innkaup. Í verklaginu skal skilgreina reglulega rýni kaupanda á samningnum og hvort markmiðum um sjálfbærni hafi veirið náð.	Q3 2026	SFR og útboðsteymi USK	1.500.000	Innri kostnaður	Birting innleiðingar- og eftirlitsáætlun og eftirlit framkvæmt að lágmarki hálfársfresti
Ábyrg innkaup	Uppgjör samnings - punktur 1	Útbúa sniðmát fyrir kaupendur til að geta dregið saman niðurstöður sjálfbærni, feril til að koma þeim ábendugum í t.d. kröfuflista skv. punkt 1 í Innkaupaferli - svo hægt sé að nýta í næstu útboðskröfur.	Q4 2026	SFR	2.000.000	Innri kostnaður	Lærdómur skráður í 100% lokaskjala

Megin-markmið	Markmið nr.	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgðaraðili	Kostnaðarmat		Mælikvarði
Hagkvæm innkaup	Undirbúningur - punktur 1	Útbúa skyldubundna athugunarlista til að hjálpa kaupendum við greiningu á innkaupaþörf sinni og útbúa fræðslu um miðlæga samninga enda ber kaupendum að kanna þá áður en ráðist er í útboð.	Q2 2026	SFR og MOS	2.000.000	Innri kostnaður	Athugunarlisti fylgir 100% mála og fræðslan útbúin, kennd og ≥90% kaupenda hjá Reykjavíkurborg hefur notið fræðslunnar.
Hagkvæm innkaup	Innkaupaferli - punktur 1	Útbúa verklag um framkvæmd reglubundis eftirlits um að staðlað verlag, sniðmát og valforsendur séu notaðar í öllum innkaupum innan borgarinnar og frávik leiðrétt þegar þarf.	Q3 2026	SFR og kaupendur/sviðin	1.000.000	Innri kostnaður	Eftirlitið framkvæmt 2 á ári og niðurstaða eftirlits skráð samræmt í 100% yfirferðar mála.
Hagkvæm innkaup	Samningstími - punktur 1	Útbúa innleiðingaráætlun og sniðmát fyrir samningsstjórnunaráætlun til að styðja kaupanda sem ber ábyrgð á rekstri samnings að sinna virkri samningsstjórnun.	Q2 2026	SFR	2.000.000	Innri kostnaður	Sniðmát kynnt til allra kaupenda og skila með 100% mál til Innkaupa og framkvæmdaráðs
Hagkvæm innkaup	Uppgjör samnings - punktur 1	Útbúa verklag um skráningu niðurstaðna og lærdóms í staðlað lokaskjal og skjalað. SFR nýtir samantektir við bætingu á ferlum og sniðmátum innkaupa.	Q4 2026	SFR - kaupendur/sviðin	2.000.000	Innri kostnaður	Skýrðar úrbætur skráðar í 100% lokaskjala

Megin-markmið	Markmið nr.	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgðaraðili	Kostnaðarmat		Mælikvarði
Gagnsæ innkaup	Undirbúningur - punktur - 1	Birta skal lista yfir fyrirhuguð innkaup á reykjavik.is. SFR sinnir reglubundnu eftirliti með að kynningar séu tímanlegar og uppfylli kröfur um jafnræði.	Q2 2026	SFR og kaupendur / fyrirkomulagi miðstýrt?	1.500.000	Innri kostnaður	Yfirsýn um verkefni birt opinberlega á reykjavik.is og uppfærð eftir þörfum
Gagnsæ innkaup	Innkaupaferli - punktur -1	Ítra skal verkferla er varða upplýsingar um innkaup og útboð. Allar upplýsingar skulu miðlaðar samtímis til allra bjóðenda, fyrir kaup undir viðmiðunarfrjárhæðum skal skrá allar fyrirspurnir og miðla svörum skriflega til allra þátttakenda á sama tíma. Vegna innkaupa yfir viðmiðunarfrjárhæðum skal notast við þjónustu SFR og útboðskerfi Reykjavíkurborgar.	Q3 2026	SFR og lögfræðiteymi PON og USK	1.000.000	Innri kostnaður	Tilkynningar loggaðar, 100% samræmi
Gagnsæ innkaup	Samningstími - punktur 2 og 3	Búa til verklag fyrir sviðin er varðar breytingar á samningum. Allar breytingar á samningum skal skjala og vista í málinu ásamt upplýsingum um breytinguna. Þá ber kaupanda að láta alla hluteigandi aðila innan Reykjavíkurborgar sem nýtir samninginn vita.	Q3 2026	Kaupendur á sviðum ásamt SFR	2.000.000	Innri kostnaður	100% breytinga með samþykktarslóð
Gagnsæ innkaup	Uppgjör samnings - punktur 1	Búa til verklag um reglubundið upplýsingastreymi með tilkynningum um nýja samninga, uppfærðar leiðbeiningar og fræðslu, óháð því hvar gögnin eru vistuð.	Q4 2026	SFR og lögfræðiteymi PON og USK	500.000	Innri kostnaður	Lærdómseyðublað fyllt út í ≥85% lokaðra samninga

Megin-markmið	Ferilsstig	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgðaraðili	Kostnaðarmat		Mælikvarði
Nýskapandi innkaup	Undirbúningur - punktur 1	Þarfagreing gerð innan hvers svið til að skilgreina verkefni þar sem áskoranir eru skilgreindar án fyrirfram ákveðinna lausna og möguleikar nýsköpunar kortlagðir.	Q2 2026	SFR og lögfræðiteymi PON og USK	4.000.000	Innri kostnaður	Hlutfall útboða með lausnaróháum þörfum ≥2-5%
Nýskapandi innkaup	Innkaupaferli - punktur 2	Útboðsgögn uppfærð sen tryggir að tæknilýsingar séu virknimiðaðar og leyfi mismunandi lausnir og nýsköpun.	Q3 2026	SFR og lögfræðiteymi PON	4.000.000	Innri kostnaður	Útgefið sniðmátskaflar með nýsköpunarsvigrúm
Nýskapandi innkaup	Samningstími - punktur 1	Útbúa sniðmát að fundargerðum fyrir reglulega fundi kaupenda með seljendum þar sem árangur og nýsköpunargildi eru rýnd.	Q3 2026	Kaupendur á sviðum ásamt SFR	1.000.000	Innri kostnaður	Fundir haldnir a.m.k. hálfárslega í nýsköpunarverkefnum
Nýskapandi innkaup	Uppgjör samnings - punktur 1	Búa til sniðmát að lokaskjali þar sem skráðar eru niðurstöður og lærdómur af nýsköpunarverkefnum sem skjala skjal miðlægt. SFR nýtir lokaskjalið til að bæta ferli og sniðmát tengt nýsköpun.	Q4 2026	Kaupendur á sviðum ásamt SFR	2.000.000	Innri kostnaður	Samantektir yfirfarðar ársfjórðungslega og sniðmát/sniðmátskaflar uppfærðir jafnóðum en aldrei minna en árlega

# INNKAUPAREGLUR REYKJAVÍKURBORGAR

## Almenn ákvæði

### 1 Tilgangur

- 1.1 Þessum reglum er ætlað að stuðla að því að Reykjavíkurborg hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og stuðla að vönduðum, hagkvæmum og ábyrgum innkaupum Reykjavíkurborgar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Reykjavíkurborg kaupir.
- 1.2 Þeim er einnig ætlað að stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanlega framkvæmd, gegnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup á vegum Reykjavíkurborgar.

### 2 Gildissvið

- 2.1 Reglurnar gilda fyrir borgarsjóð Reykjavíkurborgar og allar stofnanir hans. Þær gilda ekki sjálfkrafa um fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar.
- 2.2 Reglurnar taka til innkaupa og samninga um fjárhagslegt endurgjald sem Reykjavíkurborg gerir og hafa að markmiði framkvæmd verks, kaup á vörum eða kaup á þjónustu.
- 2.3 Lög um opinber innkaup, sem og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli er gilda hverju sinni um innkaup sveitarfélaga og ganga framur þessum reglum. Þar sem lögum um opinber innkaup og stjórnvaldsfyrirmælum sleppir ber þó við túlkun á reglum þessum að hafa til hliðsjónar lög um opinber innkaup, stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli laganna, réttarframkvæmd og lögskýringargögn.
- 2.4 Samningar sem eru undanskildir gildissviði laga um opinber innkaup eru einnig undanskildir reglunum, þ.m.t. sérleyfissamningar, samningar aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og samningar um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustur nema annað komi fram í reglum þessum.
- 2.5 Reglurnar gilda um hlutverk og ábyrgð kaupenda Reykjavíkurborgar, skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar, embætti borgarlögmanns og innkaupa- og framkvæmdaráðs við innkaup. Við innkaup og gerð samnings skal enn fremur fylgt innkaupastefnu Reykjavíkurborgar og rekstraráætlun innkaupa, [eftir því sem við á](#).
- 2.6 Um skilgreiningar á einstökum samningsgerðum innkaupa sem reglur þessar gilda um vísast til laga um opinber innkaup.

### 3 Hlutverk og ábyrgð

- 3.1 Sviðsstjóri ber ábyrgð á að innkaup innan síns sviðs séu í samræmi við gildandi lög um opinber innkaup og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru á grundvelli laganna, innkaupastefnu, innkaupareglur og rekstraráætlun innkaupa Reykjavíkurborgar, [eftir því sem við á](#).
- 3.2 Sviðsstjóri skal sjá til þess að fullnægjandi verklag sé til staðar innan síns sviðs þar sem skýrt er hver beri ábyrgð á og er bær til töku ákvarðana í hverjum innkaupum fyrir sig. Í verklagi skal m.a. mæla fyrir um nauðsyn fjárheimilda fyrir innkaupum, gerð þarfagreininga og kostnaðaráætlana fyrir innkaupum. Auk þess skal þar mælt fyrir um gerð innkaupagagna og gæðaeftirlit með þeim sem og samningsstjórnun á samningstíma. Sviðsstjóra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um innkaup innan síns sviðs umfram það sem kemur fram í reglum þessum eða því sem leiðir af lögum.
- 3.3 Stjórnendur og starfsmenn sviða, skrifstofa, stofnana og annarra rekstrareininga, sem sviðsstjóri hvers sviðs hefur skilgreint að beri ábyrgð á innkaupum fyrir hönd Reykjavíkurborgar eru kaupendur samkvæmt reglum þessum.
- 3.4 Þegar innkaup skiptast á milli sviða skal skilgreina fyrirfram hlutverk og ábyrgð á milli sviða. Það svið sem fer með gerð útboðsgagna skal sjá til þess að fyrrnefnd skipting liggja fyrir áður en útboðið er auglýst.
- 3.5 Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar (hér eftir skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar eða skrifstofan) hefur yfirumsjón með og veitir faglega ráðgjöf og þjónustu vegna

innkaupa Reykjavíkurborgar, þar með talið framkvæmd innkaupaferla frá birtingu auglýsinga og útboðsgagna til opnunar tilboða, framkvæmd fjárhagsskoðunar og gerð samninga í innkaupaferlum samkvæmt lögum um opinber innkaup. Þá hefur skrifstofan samskipti við fyrirtæki og bjóðendur fyrir hönd kaupenda í innkaupaferlum þar til endanlegur samningur kemst á. Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar greinir álitæfni varðandi opinber innkaup sem og þjónustar innkaupa- og framkvæmdaráð. Þá samræmir skrifstofan og gefur út almenn sniðmát útboðsgagna sem notuð skulu við innkaupaferli á vegum Reykjavíkurborgar.

- 3.6 Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar skal hafa frumkvæði að og leitast við að samræma innkaup og standa vörð um að hagkvæmni sé gætt í innkaupum Reykjavíkurborgar með ábendingum, ráðgjöf, þar með talið lögfræðilega ráðgjöf og tilmælum til kaupenda.
- 3.7 Embætti borgarlögmans veitir lögfræðilega ráðgjöf í innkaupamálum til skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og skal vera innkaupa- og framkvæmdaráði til ráðgjafar auk þess að fara með fyrirsvaer fyrir kærunevnd útboðsmála og dómstólum vegna ágreinings um innkaup. Kaupendum er heimilt að óska eftir álitu embættis borgarlögmans á afmörkuðum álitæfnum sem varða innkaup á vegum Reykjavíkurborgar en þá skal að jafnaði liggja fyrir frumgreining álitæfna frá skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar um viðkomandi mál.
- 3.8 Innkaupa- og framkvæmdaráð afgreiðir og hefur eftirlit með innkaupum Reykjavíkurborgar, eins og nánar er skilgreint í reglum þessum. Jafnframt skal ráðið móta stefnu og reglur um innkaup Reykjavíkurborgar, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess, eins og nánar er skilgreint í samþykkt um ráðið hverju sinni.

#### 4 Eftirlits- og rekstraráætlanir innkaupa

- 4.1 Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar skal gera eftirlitsáætlun um innkaup þar sem skilgreint er hvernig eftirliti með innkaupum Reykjavíkurborgar skuli háttað. Í eftirlitsáætlun skal mæla fyrir um eftirlit með þeim þáttum fjárfestingaáætlunar Reykjavíkurborgar er varða innkaup. Jafnframt skal þar skilgreina þau yfirlit er kaupendur og skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar skulu útbúa, hvar skuli leggja þau fram og tíðni framlagningar einstakra yfirlita. Eftirlitsáætlunin skal taka tillit til samþykta innkaupa- og framkvæmdaráðs, innkaupareglna og innkaupastefnu Reykjavíkurborgar, auk laga, stjórnvaldsfyrirmæla og upplýsingakerfa Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- 4.2 Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar skal óska upplýsinga frá sviðum Reykjavíkurborgar til að útbúa regluleg yfirlit til kynningar fyrir ráðið á stöðu samninga sem þörf er á að endurnýja sem og innkaupaferli sem eru í undirbúningi eða fyrirhuguð á næstunni.
- 4.3 Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar er heimilt að útbúa rekstraráætlun innkaupa þar sem fram koma tillögur og tilmæli um hagræðingar í rekstri Reykjavíkurborgar.
- 4.4 Eftirlitsáætlun og rekstraráætlun skulu gerðar í samráði við svið Reykjavíkurborgar, eins og kostur er, og lagðar fram til samþykktar innkaupa- og framkvæmdaráðs áður en þær koma til framkvæmda. Sviðum Reykjavíkurborgar skal gefinn kostur á að veita umsögn um áætlanirnar við vinnslu þeirra og skulu umsagnir lagðar fram með áætlun til innkaupa- og framkvæmdaráðs. Innkaupa- og framkvæmdaráð getur hvenær sem er lagt til breytingar á eftirlitsáætlun og rekstraráætlun innkaupa. Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar ber ábyrgð á að fylgja áætlunum eftir. Sé ágreiningur á milli kaupanda og/eða skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og innkaupa- og framkvæmdaráðs varðandi eftirlitsáætlun eða rekstraráætlun innkaupa skal innkaupa- og framkvæmdaráð vísa ágreiningi til borgarráðs, ásamt umsögn.
- 4.5 Kaupendur og skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar skulu leggja fram fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð yfirlit og gögn samkvæmt eftirlitsáætlun hverju sinni.
- 4.6 Kaupendum ber að fara eftir tillögum og tilmælum sem fram koma í rekstraráætlun innkaupa. Hyggist kaupandi ekki fylgja eða telur sig ekki geta fylgt tilmælum samkvæmt rekstraráætlun innkaupa skal kaupandi rökstyðja skriflega ástæður þess og leggja rökstuðning sinn fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð. Innkaupa- og framkvæmdaráð skal taka afstöðu til rökstuðnings kaupanda og ef ráðið telur ekki ástæðu til að heimila undanþágu eða leggja til breytingar á eftirlitsáætlun skal málinu vísað til borgarráðs til ákvörðunar, ásamt umsögn innkaupa- og framkvæmdaráðs.
- 4.7 Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum og gögnum frá kaupendum um innkaup. Viðkomandi kaupandi skal svara slíkri fyrirspurn og afhenda

umbeðin gögn innan fimm virkra daga frá því að hún berst. Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar skal beina athugasemdum og krefjast úrbóta hjá kaupendum vegna ætlaðra brota á reglum þessum eða lögum um opinber innkaup. Telji skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar að kaupandi hafi ekki brugðist við athugasemdum sínum með tilætluðum hætti skal hún gera innkaupa- og framkvæmdaráði grein fyrir þeim athugasemdum sem gerðar voru í málinu, hvaða úrbóta var krafist og viðbrögð kaupanda við þeim.

- 4.8 Innkaupa- og framkvæmdaráð skal fara yfir allar upplýsingar og yfirlit sem ráðinu berast og beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara til sviðsstjóra og/eða eftir atvikum viðkomandi fagráðs. Innkaupa- og framkvæmdaráð getur óskað eftir nánari upplýsingum eða skýrslum um innkaup frá öllum sem fara með innkaup innan Reykjavíkurborgar þegar ástæða þykir til og þá getur ráðið einnig boðað sviðsstjóra eða fulltrúa þeirra til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum.
- 4.9 Innkaupa- og framkvæmdaráði er heimilt að stöðva framkvæmd kaupanda á samningi tímabundið ef ekki liggur skýrt fyrir að samningi hafi verið komið á í samræmi við reglur þessar eða lög. Berist ekki fullnægjandi skýringar til innkaupa- og framkvæmdaráðs innan 72 klukkustunda frá því beiðni um upplýsingar var send kaupanda skal innkaupa- og framkvæmdaráð leggja til við borgarráð að kaupandi stöðvi framkvæmd samningsins þar til innkaupa- og framkvæmdaráð hefur aflétt tímabundinni stöðvun.

## **Innkaupaferli**

### **5 Miðlægir samningar**

- 5.1 Miðlægir samningar eru samningar sem ætlaðir eru til miðlægrar notkunar fyrir öll svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar. Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar annast gerð miðlægra samninga og skal tryggja að þeir séu aðgengilegir starfsfólki Reykjavíkurborgar.
- 5.2 Áður en undirbúningur að innkaupaferli hefst skal kaupandi kanna hvort miðlægir samningar séu fyrir hendi sem ná yfir fyrirhuguð innkaup. Ef til staðar er miðlægur samningur sem nær yfir viðkomandi innkaup skal gera samning á grundvelli hans nema það sé valfrjálst samkvæmt skýru ákvæði miðlægs samningsins.

### **6 Áætlun fjárhæða innkaupa**

- 6.1 Áætlað virði samnings skal reiknað í samræmi við lög um opinber innkaup og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru á grundvelli laganna.
- 6.2 Á undirbúningsstigi skal kaupandi gera kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra innkaupa. Vanda skal til gerðar kostnaðaráætlunar og leitast skal við að nota skilgreinda aðferðarfræði við gerð hennar þar sem því verður við komið. Fjárheimild fyrir bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað samnings skal liggja fyrir, eins og við á, áður en innkaupaferli er auglýst.
- 6.3 Kaupandi skal skila kostnaðaráætlun til skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar áður en innkaupaferli er auglýst. Í kostnaðaráætlun skal ávallt gera ráð fyrir öllum kostnaði samnings. Ef til stendur að afmarka kaup við hluta samnings skal kaupandi til viðbótar skila kostnaðaráætlun vegna þess hluta til skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar áður en innkaupaferli er auglýst. Slík viðbótar kostnaðaráætlun skal vera í samræmi við tilboðsskrá og verður birt með opnunarfundargerð. Óski skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar eftir sundurliðaðri kostnaðaráætlun innkaupa skal kaupandi afhenda hana eða eftir atvikum útbúa hana.

### **7 Innkaup undir viðmiðunarfrjárhæðum**

- 7.1 Við innkaup undir viðmiðunarfrjárhæðum laga um opinber innkaup skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera verðfyrirspurn eða annan samanburð með rafrænum aðferðum á meðal sem flestra fyrirtækja til dæmis á verði, gæðum og afhendingartíma.
- 7.2 Komi í ljós við verðfyrirspurn eða annan samanburð meðal fyrirtækja að fyrirhuguð innkaup eru yfir viðmiðunarfrjárhæðum laga um opinber innkaup, skal kaupandi leita ráðgjafar skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar fyrir gerð samnings og skal hún leiðbeina kaupanda um hvort honum sé heimilt að gera samning eða gefa kaupanda fyrirmæli um að viðhafa innkaupaferli.

## 8 Skylda til innkaupa á grundvelli innkaupaferils

- 8.1 Þegar áætluð samningsfjárhæð án virðisaukaskatts er yfir fyrrnefndum viðmiðunarfjárhæðum laga og reglugerða um opinbera innkaup er skylt að viðhafa innkaupaferli samkvæmt þeim.
- 8.2 Telji kaupendur að fyrirhuguð innkaup falli undir sérúrræði eða undanþáguákvæði laga um opinber innkaup, sérreglur um félagsþjónustu og aðrar sértækar þjónustu eða skilgreina samninginn, t.d. sem sérleyfi, skal afla fyrirfram skriflegrar staðfestingar skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar á því að sú heimild sé til staðar eða samningurinn sé þess eðlis. Ávallt skal liggja fyrir skrifleg og rökstudd beiðni af hálfu kaupanda, ásamt kostnaðaráætlun á verðmæti samnings, áður en skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar tekur afstöðu til heimildar kaupanda.

## 9 Val á innkaupaferli

- 9.1 Við innkaup Reykjavíkurborgar yfir viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt lögum um opinber innkaup er kaupendum almennt heimilt að beita almennu útboði og lokuðu útboði að undangengnu forvali.
- 9.2 Vilji kaupandi beita öðru innkaupaferli samkvæmt lögum um opinber innkaup skal hann við undirbúning innkaupa afla fyrirfram samþykkis skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar.

## Framkvæmd innkaupa

### 10 Framkvæmd og umsjón með innkaupaferli

- 10.1 Kaupendur Reykjavíkurborgar skulu nota nýjustu sniðmát útboðsgagna hverju sinni eins og þau eru gefin út af skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar. Vekja skal athygli á öllum frávikum frá stöðluðum ákvæðum sniðmáta í útboðsgögnum og skulu frávik borin undir og samþykkt af skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar áður en innkaupaferli er auglýst.
- 10.2 Ef Reykjavíkurborg eða einstakar stofnanir hennar hafa samvinnu við aðra aðila um innkaup skal skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar annast innkaupin ef kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í innkaupum er 50% eða meiri. Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar er þó ávallt heimilt að annast slík innkaup, samþykki skrifstofan að taka þau að sér, þrátt fyrir að kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar sé undir 50%.

### 11 Yfirferð tilboða-og-samningsgerð

- 11.1 Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar kannar fjárhagslegt hæfi bjóðenda og staðfestir skriflega að bjóðandi hafi skilað með tilboði sínu þeim gögnum er varðar þær fjárhagskröfur sem tilgreindar eru í skilmálum útboðsgagna.
- 11.2 Kaupandi kannar gildi og hagkvæmni tilboða og hæfi bjóðenda að öðru leyti en fjárhagslegt hæfi og staðfestir skriflega að bjóðandi hafi skilað með tilboði sínu þeim gögnum sem tilgreind eru í skilmálum og að tilboð samræmist kröfum útboðsgagna.
- 11.3 ~~Við endanlegt samþykki tilboðs í formlegu innkaupaferli samkvæmt lögum um opinber innkaup kemst á samningur milli aðila á grundvelli útboðsskilmála og tilboðs bjóðanda hverju sinni. Sé óskað eftir að gert sé yfirlit yfir samningsgögn að útboði loknu sem samningsaðilum er ætlað að undirrita skal skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar annast gerð þess.~~

### 12 Val á samningsaðilum og samningsgerð

- 12.1 Við val á samningsaðila í innkaupaferlum, sem falla ekki undir lög um opinber innkaup eða eru undir viðmiðunarfjárhæðum þeirra, tekur kaupandi ákvörðun um val á tilboði, ef við á samkvæmt þeim skilmálum sem kaupandi setti um viðkomandi innkaup, sé ekki mælt fyrir um annað samkvæmt reglum þessum. Að loknu innkaupaferli yfir viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra skal kaupandi leggja rökstudda tillögu um val á samningsaðila eða höfnun á öllum tilboðum fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð til samþykktar.
- 12.2 Val á samningsaðila eða höfnun allra tilboða í örútbóð á grundvelli rammamarkaðs og lokuðu útboði og á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis skal fara fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð til

samþykkis sé virði samnings örútbóðsins eða lokaða útbóðsins yfir kr. 100.000.000,- án virðisaukaskatts.

- 12.3 Val á samningsaðila við veitingu sérleyfis og innkaupaferla á grundvelli veitutilskipunarinnar yfir viðmiðunarfjárhæðum viðeigandi laga og reglugerða skal á sama hátt leggja fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð til samþykkis.
- 12.4 Kaupandi skal fyrirfram óska heimildar innkaupa- og framkvæmdaráðs til samningskaupa án undangenginnar útbóðsauglýsingar, nema slík heimild hafi verið sett fram í fyrirliggjandi útbóðsgögnum.
- 12.5 Innkaupa- og framkvæmdaráð tekur afstöðu til vals á samningsaðila, heimildar til samningskaupa og höfnun **allra** tilboða á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla og útbóðsgagna hverju sinni. **Við samningskaup á grundvelli veittar heimildar skal endanlegt val á samningsaðila kynnt fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð áður en samningur er gerður.**
- 12.6 Komi upp ágreiningur milli kaupanda og innkaupa- og framkvæmdaráðs getur hvor um sig vísað honum til borgarráðs. Þá getur innkaupa- og framkvæmdaráð ávallt vísað málum til borgarráðs ef ráðið kýs svo.
- 12.7 Að fengnu samþykki innkaupa- og framkvæmdaráðs tilkynnir skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar þjóðendum skriflega um niðurstöður um val á tilboði eða höfnun allra tilboða auk þess að tilkynna um endanlegt samþykki tilboðs.
- 12.8 Taki sérstök dómnefnd ákvörðun um val á samningsaðila, s.s. í hönnunarsamkeppni, þarfnast slíkt val ekki samþykkis innkaupa- og framkvæmdaráðs.
- 12.9 **Við endanlegt samþykki tilboðs í formlegu innkaupaferli samkvæmt lögum um opinber innkaup kemst á samningur milli aðila á grundvelli útbóðsskilmála og tilboðs þjóðanda hverju sinni. Sé óskað eftir að gert sé yfirlit yfir samningsgögn að útbóði loknu sem samningsaðilum er ætlað að undirrita skal skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar annast gerð þess.**

### 13 Kærur og kvartanir

- 13.1 Leiðbeina skal þátttakendum í innkaupaferli um kærufresti samkvæmt gildandi lögum um opinber innkaup þegar innkaupaferlið fellur undir gildissvið laganna.
- 13.2 Telji þjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá Reykjavíkurborg sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útbóðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til innkaupa- og framkvæmdaráðs. Kvörtun skal berast innkaupa- og framkvæmdaráði skriflega innan 20 daga frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi, sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Varði kvörtun ákvörðun innkaupa- og framkvæmdaráðs skal innkaupa- og framkvæmdaráð vísa henni áfram til borgarráðs ásamt umsögn ráðsins.

### 14 Trúnaður og hæfi

- 14.1 Öllum þeim er koma að innkaupum og innkaupamálum fyrir hönd Reykjavíkurborgar er skylt að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar og gæta trúnaðar í hvívetna um það sem þeir verða áskynja. Trúnaður skal haldast að lokinni aðkomu viðkomandi. Um hæfi þeirra fer eftir lögum og samþykktum hverju sinni.
- 14.2 Öllum þeim er koma að ákvörðun um innkaup á vegum Reykjavíkurborgar er óheimilt að þiggja gjafir eða boðsferðir greiddar á kostnað viðskiptavina Reykjavíkurborgar sem tengjast viðskiptum þeirra.

### 15 Gildistaka

- 15.1 Reglur þessar öðlast gildi 9. maí 2024.
- 15.2 Frá sama tíma falla úr gildi innkaupareglur Reykjavíkurborgar frá 15. desember 2023.